

Reykhólahreppur

auglýsir eftir sveitarstjóra

Starf sveitarstjóra í Reykhólahreppi er laust til umsóknar.

Reykhólahreppur er þekktur fyrir mikla náttúrufegurð. Hann er um 300 manna sveitarfélag með fjölbreyttu mannlífi. Helmingur íbúa býr í byggðarkjarnanum á Reykhólum. Þar eru grunnskóli, leikskóli, sundlaug og íþróttahús. Finna má nánari upplýsingar um Reykhólahrepp á vefsíðunni reykholar.is. Starfsstöð sveitarstjóra er á Reykhólum.

Við auglýsum eftir duglegum og áhugasömum sveitarstjóra sem getur hafið störf sem fyrst.

Helstu kostir sveitarstjóra þurfa að vera:

- Jákvæðni og færni í stjórnun og mannlegum samskiptum.
- Áhugi og reynsla af rekstri og stjórnsýslu sveitarfélaga.
- Áhugi á uppbyggingu samfélagsins og reynsla af markaðs- og kynningarmálum.

Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun eða sambærilega menntun sem nýtist í starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 23. ágúst 2010.

Áhugasamir sendi inn skriflegar umsóknir til skrifstofu Reykhólahrepps, Maríutröð 5, 380 Reykhólahreppur, merkt *Sveitarstjóri*.

- *Hreppsnefnd Reykhólahrepps.*